

GEIMÁLFURINN FRÁ VARSLYS

Lífsleikninámsefni um slys & slysavarnir - **1. hefti**



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Brotlending geimálfarsins

Unnur María Sólmundardóttir



*Geimálfurinn frá
Varslys:*

**1. Brotlending
geimálfsins**

*Útgefandi:
Slysavarnafélagið
Landsbjörg*

*Höfundur námsefnis:
Unnur María
Sólmundardóttir*

*Grafísk hönnun:
Lóa Dís Finnsdóttir*

*Ljósmyndir:
Hreinn Magnússon
Rauði kross Íslands
Slysavarnafélagið
Landsbjörg*

*Reykjavík 1. útgáfa
2004*



Hæstvirta Stjörnuráð!



Hér kemur fyrsta skýrslan um veru mína á plánetunni Jörð. Eins og gefur að skilja er ég svolítið þreyttur eftir þetta ævintýrlega ferðalag en er þó óðum að jafna mig.

Ég ákvað að safna sem flestum gögnum um þetta áður óþekkta **vistkerfi** sem jarðarbúar kalla Ísland. Ég tel að þær upplýsingar ásamt lífsreynslu minni geti orðið öllum Varslysbúum til góðs.

Þetta byrjaði allt með saklausri söfnunarferð. Ég var staddur tveimur **sjónbaugum** fyrir ofan **hitahvolf** Varslyss og var að safna geimryki fyrir **ljósárkássuna** mína þegar ég varð var við truflanir í segulsláttarmælinum.

Rétt fyrir utan **geimhelgi** Varslyss missti ég svo stjórn á geimskipinu og öll stjórn tækin fóru að blikka. Skipið hristist mikið og áður en ég gat snúið mér við hafði ég þeyst framhjá **sporbrautinni** Skærbreiðu og langt út fyrir **sólkerfið**.

Eftir það tóku við nokkur ægileg augnablik þar sem líf mitt hékk á bláþræði og að því er virtist

óteljandi **ljósbrotum** síðar brotlenti skip mitt á plánetunni Jörð.

Um þennan viðburðaríka kafla getið þið lesið nánar í gögnum mínum. Að sjálfsögðu vissi ég ekkert hvar ég var staddur eða hvað biði mín á þessum hnetti. Ég átti eftir að lenda í ýmsum uppákomum og óhöppum áður en langt um leið.

Einu **sólhvarfi** eftir brotlendinguna bar að þrjár loðnar og háværar verur. Þær voru ferfættar og fóru fyrir flokki annarrar tegundar sem var öllu silalegri í hreyfingum.

Foringjarnir þrír létu öllum illum látum og æddu ýmist öskrandi að mér eða hlupu til baka að undir mönnum sínum og ráku þá áfram.

Ég hélt að verurnar myndu rífa mig í sig og ég beið þeirra skelfilegu örlaga. Ekkert varð af því svo ég gerðist svo djarfur að ávarpa samkomuna:

„J4, 8j 5N j5wþo?92N Mj æ5þ 9No h?oz5S2zzw x6Ns?ús. 8j 5N 36N6 2zj?wzj2N 6v5wzs Cé0 oN6 j6þ6??G.“

Við þetta frumkvæði mitt róuðust foringjarnir aðeins en mér til mikillar furðu komu nú undirmenn þeirra með enn meiri köllum og látum og bundu foringjana við flakið af geimskipinu mínu.

Í fyrstu hélt ég að ég hefði lent á ófriðarplánetu og orðið vitni að einhvers konar uppreisn eða



★ *Hvað er landhelgi?*

★ *Hvað er friðhelgi?*

★ *Hvað er geimhelgi?*

★ *Hvað heita fjórir stærstu jöklar Íslands?*

★ *Hver þeirra er stærstur?*

★ *Hvað er snjóflóð?*

★ *Hvað áttu að gera ef þú lendir í snjóflóði?*

★ *Hvað áttu að gera ef þú sérð aðra lenda í snjóflóði?*

★ *Hundar hafa fylgt manninum mjög lengi og hjálpað honum á margan hátt. Nefndu fleiri dæmi en leitarhunda.*

★ *Mennirnir hafa tekið mörg dýr í sína þjónustu. Nefndu fleiri dýr en hunda?*

ættflokkadeilu en fljótlega varð mér þó ljóst að þessar verur unnu saman og voru komnar til að hjálpa mér.

Þegar ég hafði fundið lykilinn að **dulmáli** jarðarbúanna og gat farið að ræða við þá, skildi ég betur hvað hafði gerst og hvar ég var staddur.

Ég hafði brotlent á stórum jökli, reyndar á stærsta jökli vistkerfisins. Það vildi mér þó til happs að lenda á mjúku svæði sem kallast

snjór. Ég var einnig svo heppinn að stutt frá höfðu björgunarsveitarmenn frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg skipulagt **snjóflóðaæfingu** með leitarhundum sínum.

Það voru einmitt leitarhundarnir sem æddu af stað og tóku svona hressilega á móti mér þarna í byrjun en áður en ég segi ykkur meira frá þeim hrakningum mínum ætla ég að fræða ykkur svolítið um Slysavarnafélagið Landsbjörg.



Verkefni 1

Notaðu glæruna *Dulmálslykillinn* til að finna út hvað geimálfurinn sagði við foringjana.

Slysavarnafélagið Landsbjörg



Slysavarnafélagið Landsbjörg er samtök björgunarsveita, slysavarnadeilda og unglingadeilda víðs vegar á Íslandi. Þetta er félag sjálfboðaliða sem vinnur meðal annars að slysavörnum og að bjarga jarðarbúum sem lenda í vandræðum og lífsháská.

Í félaginu eru bæði karlverur og kvenverur sem eru búnar að fara í gegnum alls konar þjálfun svo sem í skyndihjálp, lært að bjarga fólki úr rústum og leita að fólki sem lent hefur í snjóflóðum og sjóslysum.

Nú vitið þið víst lítið hvað sjór er, þar sem við höfum engan sjó á Varslys. Sjór, öðru nafni haf, er gríðarlegt vatnsmagn sem umlykur þetta vistkerfi. Jarðarbúar eru langt komnir í þróun nokkurs konar geimskipa sem geta siglt á sjónum og jafnvel kafað niður í hann!

Ef ég vík aftur að Slysavarnafélaginu Landsbjörg þá þurfa þessir sjálfboðaliðar að kunna á mörg tæki og tól. Þau nefnast skrítnum nöfnum á borð við **áttavita, talstöð, björgunarbát, fluglínutæki, köfunarútbúnað, siglínu** og svona mætti lengi telja.

Björgunarsveitarmenn þurfa því að fara í gegnum námskeið hjá Björgunarskólanum sem Slysavarnafélagið Landsbjörg rekur.

Til að öðlast þjálfun og öryggi þá þurfa björgunarsveitarmenn að æfa sig reglulega. Það gera þeir með því að setja slys á svið. Það var einmitt slík æfing að byrja stuttu eftir að ég brotlenti. Þetta varð mér til lífs því ég hafði lent í miklum snjó og ofkælst.



★ *Hvað heitir hafið umhverfis Ísland?*

★ *Hvað kallast landssvæði sem er umlukið sjó?*

★ *Hvað þekkir þú margar af eyjunum sem eru við Ísland?*

★ *Hvernig varð Surtsey til?*



★ *Hvernig getur þú tekið ábyrgð á eigin velfarnaði?*

★ *Hefur einhver í bekknum þurft á aðstoð björgunar-sveitar að halda?*

★ *Hefur einhver í bekknum lært skyndihjálp eða þurft á skyndi-hjálp að halda?*

Björgunarskólinn þjálfar ekki bara björgunarsveitarmenn heldur býður hann líka upp á ýmiss konar námskeið fyrir almenning.

Jarðarbúar geta ekki alltaf búist við því að þjálfaðir björgunarsveitarmenn séu nálægt eða komist fljótt til þeirra ef þeir lenda í vandræðum. Þess vegna telja björgunarsveitarmenn mikilvægt að allir kunni svolítið um slysavarnir og **skyndihjálp**.

Þannig segjast þeir geta tekið ábyrgð á eigin velfarnaði og stuðlað að öryggi annarra. Þetta eru mikilvægir liðir í starfi björgunarmannsins. Hann verður að vera varkár, vel útbúinn og hugsa vel um eigin heilsu því ef hann lendir sjálfur í vandræðum þá getur hann ekki bjargað öðrum.

Jarðarbúar eru mjög tæknivæddir og hafa komið sér upp háþrúðu upplýsinga- og samskiptakerfi. Það gerir þeim kleift að nálgast gögn í gegnum tölvur frá öðrum **búsvæðum** hnattarins nánast óháð því hvar þeir eru staddir. Þeir kalla þetta kerfi veraldarvef og upplýsingarnar geyma þeir á svokölluðum heimasíðum.

Á heimasíðu Slysavarnafélagsins Landsbjargar fann ég ýmsar upp-

lýsingar um starfsemi félagsins sem ég tók með mér heim. Ég var mjög duglegur að leita mér upplýsinga á þessari síðu enda ákvað ég að ef ég kæmist ekki aftur til Varslyss, ætlaði ég að gerast björgunarsveitarmaður á Jörðinni.

Ég vistaði síðuna einnig á *Hugarflugsdisk* til að sýna ykkur í Stjórnuráðinu og til að styttu mér stundir á óvissutímum bjó ég því til *Vefrallý* um Slysavarnafélagið Landsbjörg. Ef þið sjáið ykkur fært að gera hlé á stjórnarstörfum þá skora ég á ykkur að skoða síðuna og taka þátt í tímatökukeppninni minni!



Verkefni 2

Það á að fara að verðlauna björgunarsveitarmenn fyrir frækileg björgunarafrek. Þér hefur verið fengið það verkefni að hanna og smíða verðlaunagripinn, útbúa verðlaunaskjalið í tölvu og prenta út.



Í veru minni á Jörðinni gerði ég mér far um að taka vel eftir öllu. Ég vildi jafnframt fá að prófa allt en geimálfafjörrið og fljótfærnin leiddu mig þó stundum í ógöngur.

Ég lærði mikið á þessum tíma og á næstu blaðsíðum mun ég greina ykkur frá því sem á daga mína dreif í vistinni hjá mannfólkinu.

Plánetan okkar, Varslys, er fræg fyrir að vera mjög **umhverfissvæn** og ég er þekktur áhugaálfur um verndun náttúrunnar. Mér fannst þetta kjörið tækifæri til að kynna mér hvað jarðarbúar gera til að vernda sína plánetu og hvernig þeir nýta **orku** og **auðlindir** Jarðarinnar.

Þessi skýrsla fjallar einnig um verndun óspilltrar náttúru Íslands og hvernig reynt er að koma í veg fyrir umhverfisslys á Jörðinni. Ennfremur hvernig íbúar hennar flokka og endurvinnna ýmis efni og rusl sem til fellur frá heimilum og fyrirtækjum.

Ég verð að segja að þrátt fyrir góða aðstöðu til sorpflokkunar og aðgengilegar endurvinnslustöðvar var hinn almenni jarðarbúi ekkert of duglegur að flokka og endurvinnna. Sumir fleygðu bara ruslinu þar sem þeir stóðu. Ég ákvað að einbeita mér að því að berjast fyrir verndun náttúrunnar og kenna þeim ýmis **húsráð** sem við varslysbúar höfum stuðst við í **árþúsundir**.



★Hvað þýðir það að vera umhverfissvæn?

★Hvernig orku notum við jarðarbúar?

★Hverjar eru auðlindir Íslands?



★Hvað eru húsráð?

★Nefndu einhver húsráð sem þú kannt.



Verkefni 3

Farðu inn á heimasíðu Slysavarnafélagsins Landsbjargar og finndu svörin við spurningunum á *Vefrallýinu*. Taktu tímann. Sá sigrar sem svarar fyrstur öllum spurningunum rétt.



★ *Hvernig heldur þú að þér liði ef þú værir ekki eins og allir aðrir og enginn skildi tungumálið þitt?*

★ *Hvernig getum við tekið vel á móti fólki frá öðrum menningarheimum?*



Björgunin

Þegar ég brotlenti á Jörðinni var ég svo heppinn að geimskipið lenti í mjúkum snjó. Það er annað form þess efnis sem við þekkjum betur sem vatn.

Ég vissi ekkert um samsetningu **andrúmsloftsins** sem ég var í af því að allir **súrefnis-** og **vetnis-mælarnir** mínir skemmdust í lendingunni.

Við fyrsta andardráttinn fann ég að það var ekki svo ólíkt andrúmsloftinu á Varslys bara miklu kaldara.

Eins og ég hef áður sagt leið langur tími þar til björgunarsveitarmennirnir komu mér til hjálpar. Mér varð alveg svakalega kalt og ég ofkældist. Það þýðir að **líkamshiti** minn var kominn niður fyrir 35°C.

Mér fannst það merkileg upp-götvun að líkamshiti okkar og jarðarbúa er sá sami þrátt fyrir mikinn **lofthitamun** á plánetunum!

Þó að mér væri kalt stóðst ég ekki þá freistingu að reka nefið út úr geimskipsflakinu og kíkja svolítið í kringum mig.

Ég hefði nú betur sleppt því. Það var töluvert rok úti og nefbroddinn á mér **kól** pínulítið. Læknirinn sem skoðaði mig sagði að við kal frysú vefir.

Þetta ástand þarf að varast. Venjulegt **frostbit**, eins og hann kallaði það, lagast oftast. Svona kal getur þó orðið mjög djúpt og skilið eftir sig varanlegar skemmdir.

Hann sagði að menn hefðu jafnvel misst finger og tær



★ Hvað er líkamshiti?

★ Hvað er venju-legur líkamshiti há?

★ Er sami líkamshiti í öllum dýrum?

★ Er líkamshiti manns sá sami allan sólarhringinn?

★ Hvað eru til margar aðferðir við að mæla líkamshita?

★ Af hverju skjálfum við þegar okkur er kalt?



★ Hvað er lofthiti?

★ Er sami lofthiti alls staðar á Jörðinni?

★ Er til vindhiti?

★ Hvað er jarðhiti?



Mikilvægt er að koma í veg fyrir að sá sem orðið hefur fyrir ofkælingu tapi meiri hita. Flytja þarf sjúklinginn úr kulda og bleytu eins fljótt og hægt er og koma honum í þurr og hlý föt. Nauðsynlegt er að setja húfu á viðkomandi því líkaminn tapar mestum hita í gegnum höfuðið. Ef teppi, svefnpoki eða handklæði er til staðar er gott að vefja því utan um viðkomandi þar til aðstoð berst. Gott er að gefa sjúklingnum eitthvað að borða og drekka því það eykur varnamyndun í líkamanum. Hringja verður strax í 112.



★ *Hægt er að hringja ókeypis í 112 úr öllum almenningssímum en þar sem þetta er neyðarnúmer er mjög alvarlegt að misnota það eða gera at. Einnig er hægt að hringja í 112 úr heimilissímanum þó honum hafi verið lokað.*

★ *Hvað stendur aðgerðaröðin „Hver - Hvað - Hvar“ fyrir?*

★ *Hver er munurinn á roki og hvassviðri?*

★ *Er logn og gola það sama?*

★ *Hvaða fleiri lýsingar eru til á vindstyrk?*



vegna kals. Sem betur fer slapp ég vel. Það hefði ekki verið skemmtilegt að missa nefið!

Við notum víst ekki mikið af þykkum fatnaði á Varslys en meðfylgjandi mynd var tekin af mér á leiðinni niður af fjallinu þegar björgunarsveitarmennirnir voru að reyna að ylja mér og voru búnir að dúða mig.

Það má nú segja að ég hafi verið mjög heppinn þarna á jöklinum, björgunarsveitarmennirnir voru vel þjálfaðir og brugðust rétt við öllu. En þetta er lífsreynsla sem ég mun seint gleyma.

Verkefni 4

Það er gott og öruggt að hafa öll neyðarnúmer á einum stað. Skráðu neyðarnúmerið 112 á *Símanúmerablaðið* þitt.

Verkefni 5

Þú ert að leika þér með skólasystkini þínu og það verður fyrir slysi. Þú bregst hárrétt við og hringir strax í 112. Sá sem svarar spyr margra spurninga og í sameiningu ákveðið þið hvaða skyndihjálpi þú þarft að beita. Semjið stuttan leikþátt um þetta símtal og flytjið fyrir bekkinn ykkar.

Verkefni 6

Á verkefnablaðinu *Einkenni ofkælingar* áttu að tengja texta við rétt svæði á líkamanum. Hefur þú ofkælst?

Verkefni 7

Búðu til gátlista fyrir íslenskar aðstæður og vistaðu hann inn á *Hugarflugsdiskinn* undir heitinu: *Ferðagátlisti geimálfsins*.

Ég hafði nú reyndar útbúið mér **gátlista** yfir nauðsynlegan fatnað og útbúnað en sá listi átti eingöngu við geimferðalög.

Til að koma í veg fyrir að lenda aftur í bráðri lífshættu, meðan á jarðvist minni stóð, fékk ég aðstoð við að útbúa nýjan gátlista sem miðaður var við íslenskar aðstæður.



★ **Flíspeysur** eru mjög hlýjar og gott að nota þær á ferðalögum. Vissir þú að efnið í flís fatnaðinum eru plastflöskur sem búið er að endurvinna?

★ Á heimasíðu Sorpu getur þú fundið upplýsingar um hvað þú færð fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir.

★ Ef flíspeysa kostar 4500 krónur, hvað þarftu þá að skila inn mörgum gosumbúðum til að geta keypt þér eina?



Þann sem hefur orðið fyrir kali verður að flytja úr kulda og á hlýjan stað. Fjarlægja þarf föt sem þrengja að því svæði sem hefur kalið og hafa strax samband við 112.

Ef ekki næst í lækni þarf að hita kalna líkamshlutann í volgu vatni þar til hörundið er aftur orðið mjúkt. Ekki má nudda kalna líkamshluta eða hita þá upp með hitapúða eða yfir eldi. Sjúklingurinn má hvorki reykja né drekka áfengi en gott er að gefa honum eitthvað að borða og drekka líkt og þegar um ofkælingu er að ræða. Ágætt er að verma kalna húð með snertingu við eðlilega heita húð. Hægt er að setja hendur í handarkrika eða fætur inn á kvið ferðafélagans. Besta ráðið gegn ofkælingu og kali er að vera rétt klæddur og með góða húfu, vettlinga og hlýja skó á ferðalögum.



Verkefni 8

Geimálfurinn ákvað að punkta strax hjá sér nokkra nauðsynlega hluti til að hafa á ferðalögum í íslenskri náttúru. Hann stimplaði orðin inn í lófatölvuna sína en vegna brotlendingarinnar virkaði tölvan ekki nógu vel og orðin lentu í algjörri stafasúpu. Hjálpaðu honum að finna þau aftur á verkefnablaðinu *Geimrykssúpan*.



★ *Hvað þýðir „NovjoS23qæwz6“?*

★ *Geimálfurinn brotлenti á fram-andi hnetti sem var óvenju-leg lífsreynsla fyrir hann. Hvaða óvenju-legu lífsreynslu hefur þú gengið í gegnum?*

★ *Hvaða áhrif hafði sú lífs-reynsla á þig?*

★ *Hvað eru örlög?*

Eins og við var að búast var ég mjög skelkaður fyrst eftir að ég brotлenti. Þarna var ég lentur innan um fólk og furðuleg dýr sem ég hafði aldrei séð áður og fyrir utan það að tala ekki tungumálið

fannst mér þessi pláneta mjög leyndar-dómsfull. Ég ákvað því strax að

skrifa hjá mér allt sem gerðist og læra vel af þessari lífsreynslu. Ég hélt dagbók um veru mína á Jörðinni sem ég skírði „NovjoS2-3qæwz6“ og er skýrsla þessi að stórum hluta unnin upp úr henni.



Verkefni 9

Hjálpaðu geimálfinum að ljúka við fyrsta daginn í dagbókinni sem fjallar um brotlendinguna og hefst svona: „Ég var rétt ný-komin út fyrir geimhelgi Varslyss og kominn inn á fyrstu sporbrautina þegar stjórnækin í geimskipinu fóru að blikka. Skipið hristist mikið og skyndilega ...“



Það fyrsta sem ég tók eftir við björgunina var útbúnaðurinn sem björgunarsveitarmennirnir notuðu. Af minni óviðráðanlegu og eðlislægu geimálfaforvitni fór ég að þreifa aðeins á tækjunum þeirra.

Seinna sögðu björgunarsveitarmennirnir mér að svona tæki væru mjög dýr og þeim hafi ekkert litist á blikuna þegar ég fór að fikta svona. Þeir voru nú samt svo elskulegir að sýna mér ýmsar græjur sem þeir höfðu meðferðis. Með handapati og látbragði sýndu þeir mér hvernig best væri að umgangast þennan útbúnað.

Eitt af hlutverkum björgunarsveitarmanna er að bjarga verðmætum. Þessir heiðursmenn reyndu því eftir bestu getu að flytja geimskipið mitt heilu og höldnu til byggða. Það var mjög illa farið og allskonar dót úr því lá á víð og dreif.

Það var strax nokkuð ljóst að erfitt yrði að lagfæra geimskipið. Ég skildi reyndar ekki hvað mennirnir sögðu sín á milli. En á leiðinni niður jökulinn rann það upp fyrir mér að

skipið mitt kæra hefði sennilega borið mig í hinsta sinn. Um leið varð mér ljóst að ég var fastur þarna og vissi ekki hvernig ég ætti að komast aftur heim.



Verkefni 10

Einn björgunarsveitarmaður leyfði geimálfinum að kíkja ofan í bakpokann sinn og þar var nú heldur betur allt í röð og reglu. Getur þú fundið út hvað allir hlutirnir heita á verkefnablaðinu *Bakpoki björgunarsveitarmannsins*?



★ *Hvað eru verðmæti?*

★ *Hvað telur þú vera verðmætast í lífinu?*

★ *Hvort er meira virði að eiga mikla peninga eða að hafa góða heilsu?*

Endalok geimskipsins

★ Á heimasíðu Sorpu getur þú séð hvernig hægt er að endurvinnna og flokka ýmislegt sem til fellur frá heimilum og fyrirtækjum.

★ Flokkar þú ruslið þitt?

★ Ferðu með gosumbúðir, dagblöð og fernur í endurvinnslu?

★ Hvaða föndurhugmyndir átt þú sem tengjast mjólkurfernum?



Það kom mér þægilega á óvart þegar ég sá að á Íslandi er rusl og úrgangur að einhverju leyti flokkað, þó almenningur í landinu eigi það til að sóða stundum út.

Þjörgunarsveitarmennirnir fóru með geimskipið mitt á sorpstöð og þar var það sett í gám sem var merktur *Málmar* og *brotamálmar*.

Það var sorglegt að sjá skipsflakið liggja þar innan um niðursuðudósir, álpappír, málmlok og ýmislegt annað málmrusl sem ég kann ekkert að nefna. Ég gat þó huggað mig við það að enn fælust ákveðin verðmæti í skipinu þar sem málminn væri hægt að **endurvinnna**.

Ég verð að viðurkenna að endalok geimskipsins drógu allan mátt úr mér og ég varð mjög hryggur á tímabili. Ég velti mér upp úr eigin eynd og fór aftur og aftur yfir það í huganum hvað hefði eiginlega gerst rétt áður en ég missti stjórn á geimskipinu.

Ég vissi sem var að slys eru alltaf að gerast en mér fannst eins og það myndi ekkert koma fyrir mig. Í dag hef ég þó gert mér það ljóst að slysin gera ekki boð á undan sér. Enginn er óhultur og aldrei er of varlega farið.

Þegar ég hugsa til baka minnst ég þess ekki að hafa verið með einhvern glannaskap við geimrykssöfnunina. Einu gleymdi ég alveg en það var að láta fjölskyldu mína vita áður en ég lagði af stað.

Eftir brotlendinguna kvaldi það mig að geta ekki haft samband við foreldra mína og sagt þeim að ekkert amaði að mér. Ég væri bara fastur í öðru sólkerfi en liði að öðru leyti ágætlega. Enda kom það í ljós seinna að allir voru viti sínu fjær af áhyggjum þann tíma sem ég var í burtu. Ég veit ekki hvort það hefði skipt einhverju máli í mínu tilviki þó ég hefði látið vita, þar sem ég brotlenti á áður óþekktri plánetu.



Það er hins vegar góð regla að láta **aðstandendur** alltaf vita hvert ferðinni er heitið og það var einmitt fyrsta spurningin sem ég fékk frá björgunarsveitarfólkinu þegar við gátum loksins farið að tala saman.

Ef eitthvað kemur uppá á ferðalögum og kalla þarf út leitaraveit þá skiptir svo miklu máli að vita hvar á að leita. Geimurinn er rosalega stór og því meira sem leitarveitin veit um ferðir hins týnda þeim mun meiri líkur eru á að hann finnist fljótt.

Í tengslum við fáfarin svæði sem eru nú víða í geimnum langar mig einnig, hæstvirta Stjórnuráð, að segja ykkur frá eyðublaðinu *Tilkynningarþjónusta ferðamanna*.



★ *Hvernig liði þér ef ættingi þinn eða vinur væri týndur?*

★ *Hvernig liði þér ef þú gætir ekki haft samband við fjölskyldu þína í langan tíma?*

Verkefni 11

Safnaðu málmi sem til fellur á heimili þínu í eina viku og flokkaðu samkvæmt verkefnablaðinu *Málmar og brotamálmar*. Hvað ætli öll heimilin í landinu hendi mörgum kílóum af málmi á einu ári?

Verkefni 12

Það er ýmislegt hægt að föndra og endurvinnna úr málmafgöngum sem til falla á heimilinu. Getur bekkurinn þinn hannað nýtt geimskip handa geimálfinum úr málminum sem safnaðist í verkefninu hér á undan? Hefur þú fleiri skemmtilegar hugmyndir?

Verkefni 13

Þú átt að skipuleggja ferðalag fyrir bekkinn þinn. Búðu til eyðublaðið *Tilkynningarþjónusta grunnskólanemenda* þar sem fram koma ýmsar upplýsingar um ferðalagið sem auðveldar björgunarsveitarmönnum að aðstoða hópinn ef einhver óhöpp verða. Vistaðu eyðublaðið inn á *Hugarflugsdiskinn*.

★ *Björgunarsveitir Slysavarna-félagsins Landsbjargar eru 101 talsins og hafa allar ólík nöfn. Á heimasíðunni getur þú séð hvað þessar sveitir nefnast.*

★ *Hvað heita björgunarsveitirnar á þínu leitarsvæði og hvað eru þær margar?*


Undir sérstökum kringumstæðum býður Slysavarnafélagið Landsbjörg ferðamönnum að fylgjast með ferðum þeirra. Þá þarf að láta félagið vita og fylla út áður nefnt eyðublað. Þetta er eitthvað sem ég tel að við Varslysþúar þyrftum að taka til skoðunar vegna fjölda þeirra geimvera sem týnast reglulega í sólkerfi okkar.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur komið sér upp mjög skipu-

lögðu leitarakerfi þar sem landinu er skipt upp í ákveðin svæði.

Á myndinni sjáið þið hvernig vistkerfinu Íslandi er skipt upp í átján leitar svæði en þau eru afmörkuð með línunum.

Það eru svæðisstjórnir sem stjórna leit á hverju svæði fyrir sig og rauðu punktarnir sýna hve margar björgunarsveitir eru til taks.



Verkefni 14

Geimálfurinn er voðalegur grallari og hefur mjög gaman af þrautum. Hann bjó til dæmis til eina úr félagsmerkjum björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar til að leggja fyrir Stjórnuráðið. Leystu þrautina á glærunni *Félagsmerkjaþrautin*.

Verkefni 15

Þú ert björgunarsveitarmaður sem lenti í skrítnu útkalli. Geimskip brotlenti á þínu leitar svæði og þú fékkst það hlutverk að skrifa stutta frétt í bæjarblaðið um björgunarafrekið. Lýstu því hvernig björgunin gekk, hvernig björgunarsveitarfólkinu og geimálfinum leið og hvernig gekk að halda uppi samskiptum við veru sem var nýlega brotlent og talaði ekki íslensku.

Áður en ég slæ botninn í þessa fyrstu skýrslu mína um brotlendinguna á plánetunni Jörð langar mig að kynna fyrir ykkur áhrifaríkt útkallskerfi sem jarðarbúar vinna eftir og er samræmt hjá lögreglu, slökkviliði og Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Útköll björgunarsveita flokkast í rautt, gult eða grænt eftir því hve alvarlegar ástæður liggja að baki þeim.

Útkall rauður er notað þegar slysstaðurinn er þekktur, mannslíf eru í hættu og hver mínúta skiptir miklu máli. Dæmi um slík slys eru umferðarslys, flugslys og sjóslys.

Til nánari útskýringar er mínúta tímaeining hjá jarðarbúum sem svarar til ljósbrotatalningar okkar á Varslys.

Útkall gulur er notað þegar neyðin er ekki eins mikil. Þetta er algengasta útkallið segja vinir mínir hjá félaginu og oftast er verið að leita að fólki og farartækjum eða aðstoða fólk í óveðrum.

Að lokum er svo *útkall grænn* en þá skiptir tíminn engu máli og er leit að látnu fólki dæmi um það.

Eins og þið hafið örlítið frétt af var vera mín á Jörðinni nokkuð skrautleg. Ég kunni að sjálfsögðu ekkert á þann **menningarheim** sem ég var strandaglópur í og lenti því í ýmsum uppákomum. Það munaði til dæmis litlu að mér yrði fleygt í fangelsi fyrir að ráðast á lögreglupjón vegna miskilnings.



★ *Hvaða tímaeiningar eru notaðar á Jörðinni?*

★ *Hvernig skiptist sólarhringurinn?*

★ *Hvernig skiptast vikan og árið?*

★ *Hvað er hlaupár?*

★ *Hvaða minnisvísur kanntu sem tengjast dögum og árstíðum?*

★ *Hvað eru stjörnumerki?*

★ *Hvert er stjörnumerkið þitt?*



★ *Hvað þýðir „að slá botninn í“ eitthvað?*



Frá þessu og fleiru mun ég greina ykkur í næstu skýrslum. Nú kveð ég, hæstvirta Stjórnuráð, að sinni og vil jafnframt nota tækifærið og þakka ykkur fyrir vasklega

framgöngu í björgun minni aftur heim til Varslyss.

Virðingarfullt
„j5wþo?92Nwzz“



Verkefni 16

Skoðaðu dagblöðin vel næstu vikuna og klipptu út allar björgunarfréttir sem tengjast Slysavarnafélaginu Landsbjörg, lögreglunni og slökkviliðinu. Flokkaðu útköllin og límdu þau á mislit karton eftir því hvort þú telur þau vera rauð, gul eða græn. Hve oft hafa þessir aðilar verið kallaðir út þessa vikuna?

Verkefni 17

Geimálfurinn hefur mikinn áhuga á að læra pappírsgerð en vantar góða uppskrift til að taka með sér heim. Finndu uppskrift á veraldarvefnum og vistaðu inn á Hugarflugsdiskinn undir heitinu: Pappírsgerð.

Verkefni 18

Skiptu venjulegu A4 blaði í 8 jafna reiti með því að brjóta það saman. Í reitina átt þú að búa til teikni-myndasögu af slysi sem hefur hent þig eða einhvern sem þú þekkir.

Verkefni 19

Hvað getur þú fundið mörg orð sem ríma við eftirfarandi: Geimálfur, Varslys, Stjórnuráð, geimskip, söfnunaraðferð, leitarhundur, björgunarsveit, frostbit og gátlisti. Þessi orð eru samsett úr öðrum orðum, hvaða orð eru það?

Verkefni 20

Skráðu niður öll feitletruðu orðin í lesefninu og finndu hvað þau þýða. Þú getur bæði stuðst við alfræðiorðabók eða notað leitarvél á veraldarvefnum.

★ *Dagblöð, tímarit og annan pappírspóst má endurvinnna. Úr endurunnum pappír er meðal annars búinn til salernispappír, eldhúsrúllur og gjafakort.*

★ *Hefur þú endurunnið pappír?*



Slysavarnafélagið Landsbjörg þakkar stuðninginn





**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

Skógarhlíð 14 • 105 Reykjavík • Sími 570 5900 • Fax 570 5901
skrifstofa@landsbjorg.is • www.landsbjorg.is